

Félagsmálastjóri, janúar 2023

Ýmsar breytingar eru á döfinni hjá Félagsþjónustunni sem eru ennþá óljósar en munu koma betur í ljós fljótlega. Félagsmálastjóri hefur verið í veikindaleyfi frá því í lok ágúst, 100% veikindaleyfi í september og október á síðasta ári og í 50% veikindaleyfi í nóvember og desember og í janúar var hann í 30% veikindaleyfi.

Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í haust og ný verkefni að bætast við. Nú er byrjað að auglýsa sumarstörf á Reykhólum, stuðningsþjónustu og á skammtímavistun fyrir fatlaða stúlku.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnarsýslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

Verkefni framundan

- Ýmsar breytingar hjá Félagsþjónustunni og reglulegir fundir vegna þess, þessar breytingar snerta farsældarfrumvarpið, barnaverndina, BsVest og hugsanlega sameiningu Strandabyggðar við önnur sveitarfélög. Félagsmálastjóra finnst þessar breytingar erfiðar, sérstaklega þar sem þær eru mjög margþættar og óljóst hvernig og hvaða áhrif þær munu hafa á starfsemi Félagsþjónustunnar.
- Á döfinni er að fara í heimsóknir til eldri borgara á félagsþjónustusvæðinu og meti þörf þeirra fyrir heimaþjónustu og/eða aðra aðstoð.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri